

**73. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 31. október 2018
og hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Geir Sigurðsson og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Brynjar Þór Jónasson, Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Dagskrá:

1. Samþykkt um sorpmál - 2018080026

Kynntar tillögur heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis varðandi samþykkt um sorphirðu í Ísafjarðarbæ. Tillögurnar voru samþykktar á 119. fundi nefndarinnar sem haldinn var föstudaginn 26. október.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd samþykkir tillögur heilbrigðisnefndar Vestfjarða og vísar samþykktinni til bæjarstjórnar.

2. Fjárhagsáætlun 2019 - 2018030083

Kynntar breytingar á gjaldskrá fyrir tjaldsvæði 2019.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd samþykkir framlagðar breytingar og vísar gjaldskrá tjaldsvæðis til bæjarstjórnar.

3. Göngustígar 2019 - 2018060076

Lagðar fram athugasemdir hverfisráðs Holta-, Tungu- og Seljalandshverfis, dags. 16. okt. 2019, vegna umræðu um göngustíga 2019.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd þakkar hverfisráði Holta-, Tungu-, og Seljalandshverfis fyrir innsendar athugasemdir. Nefndin felur umhverfisfulltrúa að gera breytingar á áætlun um uppbyggingu göngustíga og fella út hugmyndir um stíg upp þjónustuveg í Kubba.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 8:40

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Aðalsteinn Egill Traustason

Geir Sigurðsson

Magnús Einar Magnússon

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson